

2022 | ÁGÚST  
FJÁRMÁLAEFTIRLITID



ÁHÆTTUÞÆTTIR Á  
VERÐBRÉFA- OG SJÓÐAMARKAÐI

# Fræðsluefni vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila sem starfa á verðbréfa- og sjóðamarkaði og sæta eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í fræðsluefninu verður vísað annars vegar til *aðila á sjóðamarkaði* eða *sjóði* og hins vegar til *aðila í verðbréfaþjónustu*.

Efninu er ætlað að auðvelda aðilum á þessum mörkuðum að koma auga á áhættuþætti hvað varðar peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættumat á starfsemi þessara aðila og á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, sbr. A. og B. lið 5. gr. laga nr. 140/2018.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi og byggir á leiðbeiningum FATF (Financial Action Task Force) um áhættumiðað eftirlit fyrir verðbréfamarkað<sup>1</sup> og viðmiðunarreglum EBA (European Banking Authority) um áhættuþætti<sup>2</sup>, eftir því sem við á.

1. <http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/recommendations/pdfs/RBA-Securities-Sector.pdf>

2. Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf (europa.eu)

## Skilgreiningar

### Hvað er peningþvætti?

Það er kallað peningþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

### Hvað er frumbrot peningþvættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningþvættis eru fjársvik, fjádráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingar-brot o.fl.

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

### Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Fjármögnun hryðjuverka er sú háttsemi að afla fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi féð til að fremja brot sem er refsivert samkvæmt ákvæðum 100. gr. a.-c. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (þ.e. fremja hryðjuverk, styðja þann sem fremur slík verk eða hvetja til þeirra).

### Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a - c almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## Áhættuþættir á verðbréfa- og sjóðamarkaði

### Hvað er átt við með áhættuþáttum?

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum nr. 140/2018 að gera áhættumat á annars vegar starfsemi sinni og hins vegar á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.

Áhættumatinu er ætlað að greina hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi aðilans. Við matið þarf að greina tiltekna áhættuþætti. Áhættumat á starfsemi skal taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum skal byggja á áhættumati á starfsemi skv. A. - lið 5. gr. laga nr. 140/2018. Tilkynningarskyldir aðilar skulu tryggja að áhættumat á samningssamböndum endurspegli fyrirliggjandi áhættu á hverjum tíma og sé í samræmi við þau viðskipti

sem viðskiptamaður stundar. Í því felst að aðilar skulu ekki eingöngu meta áhættu tengda samningssambandi við upphaf viðskiptasambands heldur hafa aðferðir til að fylgjast með áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á fyrirliggjandi áhættumat s.s. áhættuþætti tengdri hegðun viðskiptamanns á meðan á samningssambandi stendur.

Við mat á því hvernig áhættuþættir skulu áhættuflokkaðir skal horft til allra viðeigandi áhættuþátta, sem geta einir og sér eða samanlagt, aukið eða dregið úr hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Hafa ber í huga að stakur áhættuþáttur felur ekki í öllum tilvikum í sér meiri áhættu, og að margir áhættuþættir geta einnig saman myndað þá áhættu.

### 1. Áhættuþættir tengdir löndum og svæðum

Dæmi um þætti sem geta aukið áhættu:

- Lönd eða landsvæði sem eru þekkt fyrir að fjármagna og styðja hryðjuverk,<sup>3</sup> eða þar sem hryðjuverkasamtök starfa.
- Lönd þar sem þekkt er að umfangsmikil skipulögð brotastarfsemi þrífist, spilling og annars konar glæpastarfsemi (þ. á m. gegnumferðarlönd fyrir fíkniefnasölu, mansal og ólögleg fjárhættuspil).
- Lönd sem sæta þvingunarráðstöfunum eða annars konar viðurlögum af hálfu Evrópusambandsins og alþjóðlegra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna.
- Lönd sem eru þekkt fyrir veika stjórnskipan, löggæslu og regluverk, þar á meðal ríki sem FATF eða Evrópusambandið hefur skilgreint sem ríki með veikt eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

3. Þekkt samkvæmt trúverðugum heimildum frá viðurkenndum alþjóðastofnunum á heimsvísu og öðrum aðilum sem gefa upp slíkar upplýsingar opinberlega. Þetta geta verið FATF (Financial Action Task Force) og sambærilegir aðilar, auk alþjóðlegra aðila eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, World Bank og Egmont Group of Financial Intelligence Units.

- Viðskiptamaður, umboðsmaður hans eða raunverulegur eigandi viðskiptamanns er með búsetu, aðsetur, ríkisfang eða skráningu í landi sem talið er tengjast aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

- Fjármagn sem notað er í viðskiptunum verður til, kemur frá eða er sent til lands sem talið er tengjast aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

### 2. Áhættuþættir tengdir viðskiptamanni

Aðilar skulu áhættuflokka viðskiptamenn sína út frá mati á áhættu tengdri peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. með hliðsjón af þáttum er snúa að atvinnu hans, hegðun eða öðrum aðgerðum.

Dæmi um áhættuþætti tengda hegðun viðskiptamanns:

- Viðskipti virðast skorta efnahagslegan tilgang eða fjárfestingar viðskiptamanns eru ekki í samræmi við fjárhagsstöðu hans.
- Viðskiptamaður virðist áhugalaus um venjubundnar ákvarðanir í tengslum við fjárfestingu s.s. áhættu og kostnað tengdri fjárfestingu.
- Viðskiptamaður óskar eftir að greiða með reiðufé.
- Viðskiptamaður óskar eftir að kaupa aftur eða innleysa langtímafjárfestingu stuttu eftir að fjárfestingin átti sér stað eða fyrir áætlaðan útborgunardag án sýnilegs efnahagslegs tilgangs eða annarra augljósra ástæðna, sérstaklega ef að það hefur í för með sér fjárhagslegt tap eða greiðslu hárra viðskiptagjalda fyrir viðskiptamanninn.
- Viðskiptamaður óskar eftir að fjárfesting verði innleyst í nokkrum smærri færslum.

- Viðskiptamaður óskar eftir endurteknum kaupum og sölu á fjármálagerningum án sýnilegs efnahagslegs tilgangs eða annarra augljósra ástæðna.

- Viðskiptamaður sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila og er annaðhvort óviljugur eða ófær um að veita áreiðanlegar upplýsingar um viðskiptamanninn og/eða raunverulegan eiganda.

- Tíðar breytingar á upplýsingum tengdum áreiðanleikakönnun eða reikningsupplýsingum.

- Viðskiptamaður greiðir umfram kostnað vegna fjárfestingar og biður síðan um að fá umfram kostnaðinn endurgreiddan.

- Viðskiptamaður nýtir sér umbóttunartíma vegna viðskipta á óhefðbundinn hátt sem getur talist grunsamlegt.

- Viðskiptamaður óskar eftir því að fjárfesting verði innleyst inn á reikning í fjármálafyrirtæki sem staðsett er í landi sem tengt er aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

- Viðskiptamaður er með marga greiðslureikninga án þess að gera sérstaklega grein fyrir ástæðum þess, sérstaklega þegar reikningarnir eru staðsettir í mörgum ríkjum eða áhættusömum ríkjum.

- Viðskiptamaður óskar eftir að fyrirkomulag viðskiptanna feli í sér að fleiri aðilar komi að viðskiptunum s.s. félög sem eru staðsett í mismunandi ríkjum komi fram sem milliliðir í viðskiptunum, sérstaklega ef um er að ræða ríki sem talin eru tengjast aukinni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

- Viðskipti viðskiptamanns gefa til kynna möguleg tengsl við refsivert athæfi, þekktar aðferðir eða rauð flögg samkvæmt skýrslum frá FATF eða innlendum stjórnvöldum (t.d. skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og löggæslustofnunum).

Dæmi um áhættuþætti tengda stöðu og eðli viðskiptamanns:

- Viðskiptamaður er félag, fjárvörslusjóður (e. trust) eða annarskonar félagaform sem hefur sömu uppbyggingu eða eiginleika og fjárvörslusjóður og er stofnað í ríki sem talið er tengjast aukinni hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Á það sérstaklega við ef um er að ræða ríki sem uppfyllir ekki á skilvirkan hátt alþjóðleg viðmið er varða upplýsingaskipti og gagnsæi í málefnum tengdum sköttum og opinberum gjöldum.
- Viðskiptamaður er félag sem er stofnað utan um fjárfestingu sem framkvæmir litla eða enga áreiðanleika-könnun á sínum eigin viðskiptavinum.
- Viðskiptamaður er félag sem er stofnað utan um fjárfestingu sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila og er ekki eftirlitsskyldur.
- Viðskiptamaður er með flókið og/eða ógagnsætt eignarhald og stjórnskipulag.
- Viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi viðskiptamanns er í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, (e. politically exposed person, „PEP“) eða gegnir stöðu sem er til þess fallin að geta verið misnotuð til eigin gagnabóta.
- Viðskiptamaður er félag sem er ekki eftirlitsskyld og kemur fram fyrir hönd annars félags hvers hluthafar eru óþekktir.
- Viðskiptamaður tengist eða fær greiðslur eða laun vegna starfsemi sem einkennist af umfangsmiklum reiðufjárviðskiptum.

- Viðskiptamaður tengist eða fær greiðslur eða laun vegna starfsemi sem talin er tengjast aukinni hættu á ýmsum fjármunabrotum s.s byggingarfyrirtækjum, lyfjafyrirtækjum og fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu, fyrirtækjum í vopnaviðskiptum og viðskiptum með vörur sem tengjast stríðsrekstri og opinberum útboðum.

- Viðskiptamaður býr í áhættusömu ríki eða uppruni fjármuna er þar, óháð því hvort fjármunirnir eru tilkomnir vegna viðskipta með reiðufé eða ekki.

- Viðskiptamaður býr í landi sem er þekkt fyrir að vera ósamvinnuþýtt hvað varðar upplýsingagjöf um raunverulegan eiganda.

- Viðskiptamaður hefur hlotið neikvæða fjölmiðlaumfjöllun í virtum fjölmiðlum, sérstaklega í tengslum við frumbrot peningabættis eða fjármunabrot.

- Viðskiptamaður hefur sætt viðurlögum af hálfu eftirlitsaðila fyrir ófullnægjandi eftirlit í tengslum við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og ekki sinnt skyldu til úrbóta.

Dæmi um þætti sem geta dregið úr áhættu:

- Viðskiptamaður hefur stöðu sem stofnanafjórðing (e. institutional investor) sem hefur verið samþykktur af stjórnvöldum innan evrópska efnahagssvæðisins (EES) t.d. lífeyrissjóðakerfi sem er samþykkt af stjórnvöldum.
- Viðskiptamaður er ríkisstofnun frá ríki innan EES.
- Viðskiptamaður er fjármálastofnun með staðfestu í ríki innan EES.

### 3. Áhættuþættir tengdir vöru, þjónustu og greiðslum

- Vörur eða þjónusta sem óhjákvæmilega fela í sér nafnleysi eða óljósar upplýsingar um undirliggjandi viðskipti viðskiptamanns (t.d. handhafabréf).
- Landfræðileg útbreiðsla vöru eða þjónustu, s.s. til áhættusamra ríkja eða landsvæða.
- Vörur sem eru óeðlilega flóknar og/eða uppbygging þeirra virðist ekki hafa skýran efnahagslegan tilgangi.
- Notkun nýrrar tækni eða greiðsluaðferða sem eru óvenjulegar á verðbréfa- og sjóðamarkaði.
- Vörur sem þekkt er að hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér fjársvik og markaðsmisnotkun, s.s. verðlitið verðbréf.
- Kaup á verðbréfum sem fara eingöngu fram með reiðufjárviðskiptum.
- Verðbréfatengdar vörur og þjónusta sem eru fjármagnaðar af þriðju aðilum eða samkvæmt fyrirætlum frá þeim, sérstaklega ef aðilarnir eru frá áhættusömum ríkjum.
- Áhættuþættir í tengslum við áskrift á sjóði:
  - Greiðsla áskriftar berst frá þriðja aðila eða af úttektarreiðningi í öðru ríki, sér í lagi ef um er að ræða reiðning eða þriðja aðila frá áhættusömu ríki.
  - Í tilvikum sem breyting verður á greiðanda áskriftar eða úttektarreiðningi áskriftar, á það sér í lagi við í tilvikum þar sem þriðji aðili tekur á sig greiðslur vegna áskriftar eða breytingar verða á úttektarreiðningi með óvæntum hætti.

- Mögulegt er að verða áskrifandi að sjóði og innleysa fjárfestinguna stuttu síðar, án þess að mikill kostnaður leggist á fjárfesti.
- Upplýsingar um viðskiptamenn eru varðveittar hjá fleiri en einum aðila og ekki liggja fyrir heildarupplýsingar um viðskipti eða viðskiptamenn.
- Verðbréfatengdar vörur og/eða þjónusta er nýtt til gjald-eyrisskipta og virðist óvenjuleg eða án sýnilegs viðskipta-legs eða fjárhagslegs tilgangs.
- Beiðni um millifærslu fjármuna til áhættusams ríkis án þess að viðskiptalegur tilgangur liggi fyrir.
- Beiðni um millifærslu sem í gegnum aðila sem ekki sætir eftirliti.
- Óvenjulega háar fjárhæðir eru millifærðar sem samræmast ekki stöðu viðskiptamanns.
- Uppgjörsfyrirkomulag er óhefðbundið og virðist óreglu-legt.
- Vara eða þjónusta er þannig uppsett að erfitt getur reynst að bera kennsl á viðskiptamann s.s. þegar um flókin við- skipti er að ræða eða að greiðslur berist frá þriðja aðila.

Dæmi um þætti sem dregið geta úr áhættu:

- Vara eða þjónusta sætir lögbundnu gagnsæi og/eða á henni hvílir lögbundin upplýsingaskylda.
- Greiðslur til og frá þriðja aðila er óheimil.
- Sjóður er opinn fyrir minni fjárfesta eða með þak á fjár- festingum.

- Sjóður er einungis opinn fjárfestum sem tengdir eru við lága áhættu s.s. lífeyrissjóði
- Sjóður sem einungis er hægt að fjárfesta í gegnum tilkynn- ingarskyldan aðila skv. lögum nr. 140/2018.

#### 4. Áhættuþættir tengdir dreifileiðum

- Aukið flækjustig vegna langra boðleiða viðskiptafyrirmæla.
- Aukið flækjustig í dreifingu á fjárfestingum.
- Aðilar að vettvangi viðskiptanna (e. the trading venue) eru staðsettir í áhættusömu þriðja ríki.
- Flóknar dreifileiðir sem hindra yfirsýn yfir samningssam- bönd og takmarka getu til að hafa eftirlit með viðskiptum t.d. ef sjóður notar millilið, sérstaklega ef þeir eru staðsettir í ríkjum sem tengdir eru meiri hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

#### 5. Áhætta tengd milligönguaðilum

Þegar aðili í verðbréfaþjónustu eða aðili á sjóðamarkaði notar milligönguaðila til þess að veita þjónustu sína, t.d. fasta umboðsmenn eða einkaumboðsmenn, skal greina sérstaka áhættuþætti sem felast í slíkri milligöngu. Í öllum tilvikum skal aðili skilja hver milligönguaðilinn er og framkvæma áhættu- mat á honum áður en hann stofnar til viðskiptasambands við aðilann. Báðir aðilar skulu fullnægja lagalegum skyld- um varðandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Oft getur reynst erfitt að meta áhættuna sem felst í starfsemi milligönguaðila, sérstaklega í þeim tilvikum þegar aðili starfar á alþjóðavettvangi, í mismunandi lögsögum.

Áhættumat á rekstri milligönguaðila ætti að fela í sér mat á áhættu sem tengist eftirfarandi þáttum:

- Milligönguaðilar sem grunaðir eru um refsiverð athæfi, sérstaklega fjármálaglæpi eða tengsl við brotamenn.
- Milligönguaðilar sem staðsettir eru í áhættusömu ríki eða í ríki þar sem eftirliti er verulega ábótavant.
- Milligönguaðilar sem þjónusta áhættumikla viðskiptamenn án þess að grípa til viðeigandi aðgerða.
- Milligönguaðilar sem þekktir eru fyrir að fylgja ekki reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðju- verka eða sem hafa hlotið neikvæða umfjöllun í virtum fjölmiðlum eða hjá löggæsluaðilum.
- Milligönguaðilar sem hafa vanrækt að sinna skyldum um þjálfun starfsmanna varðandi peningaþvætti og fjármögn- un hryðjuverka.
- Milligönguaðilar sem viðhafa veikt eftirlit eða sem eru með ófullnægjandi varnir eða ekki er hægt að staðfesta gæði þeirra.

